



Þinggerð Haustþings
Samtaka sveitarfélaga og
atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra
Haldið 4. september 2026
í Menningarhúsinu Bergi, Dalvíkurbyggð

Þingsetning

Heimir Örn Árnason, formaður stjórnar SSNE, setur þingið og býður þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Formaður leggur til að þingforseti verði Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Formaður leggur til að Díana Jóhannsdóttir og Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjórar SSNE verði þingritarar.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti tekur við stjórn þingsins.

Þingforseti vekur athygli fundargesta á því að hljóðupptaka er í gangi á þinginu til stuðnings við ritun þinggerðar.

Þingforseti kallar eftir athugasemdum um boðun þingsins. Engar athugasemdir voru við boðun þingsins.

Þingforseti kynnir tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Akureyrarbær – formaður
Aldey Unnar Traustadóttir, Norðurþing
Þorgeir Rúnar Finnsson, Grýtubakkahreppi

Engar aðrar tillögur voru lagðar fram og tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnti breytingu á dagskrá þar sem ráðherra ávarpar þingið síðar en upphaflega hafði verið áætlað vegna tafa á flugi. Dagskrá þingsins var hliðrað til samræmis við það.

Þingforseti óskaði eftir því að Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir lögmæti þingsins. Jana Salóme upplýsti að 33 þingfulltrúar af 38 væru mættir og lýsti þingið því lögmætt.

Skýrslur um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar

Þingforseti óskaði eftir leyfi þingsins til að taka umræðu um stöðu fjárhagsáætlunar 2026 undir mál til afgreiðslu, samhliða kynningu á tillögum til breytinga á fjárhagsáætlun 2026–2030. Þingforseti óskaði jafnframt eftir leyfi þingsins til að taka saman umræðu um skýrslu stjórnar um framvindu starfsáætlunar og starfsáætlun ársins 2027, enda muni formaður koma inn á vinnu við starfsáætlun næsta árs í skýrslu stjórnar.

Engar athugasemdir voru gerðar við þessar breytingar.

Heimir Örn Árnason, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar um framvindu starfsáætlunar 2026 og undirbúning starfsáætlunar 2027. Skýrslu stjórnar og fyrstu drög að starfsáætlun ársins 2027 má finna á heimasíðu SSNE.

Þingforseti þakkaði formanni fyrir yfirferðina og opnaði mælendaskrá um skýrslu stjórnar, framvindu starfsáætlunar og starfsáætlun SSNE 2027.

Enginn tók til máls.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE tók við þingstjórn með samþykki þingsins.

Tillögur og ályktanir frá stjórn og þingfulltrúum

Þingforseti gaf Rögnvaldi Guðmundssyni, verkefnisstjóra fjármála og reksturs SSNE, orðið. Rögnvaldur kynnti framvindu fjárhagsáætlunar 2026 og tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árin 2026–2030. Tillögurnar eru aðgengilegar á heimasíðu SSNE.

Þingforseti opnaði mælendaskrá.

Umræður sköpuðust um gott aðhald í rekstri SSNE og var stjórn og starfsfólki hrósað fyrir fjármálastjórn samtakanna. Til máls tóku Sigurður Þór Guðmundsson, Katrín Sigurjónsdóttir, Sindri S. Kristjánsson og Rögnvaldur Guðmundsson.

Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Ályktanir þingsins

Þingforseti tilkynnti að tillaga um baðlón yrði ekki tekin fyrir sem tillaga stjórnar þar sem hún hafði ekki verið afgreidd í samræmi við starfsreglur stjórnar.

Helena Eydís Ingólfssdóttir tók til máls og lagði fram tillögu um fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts á baðlón fyrir hönd fulltrúa Norðurlands. Helena gerði grein fyrir tillögunni og óskaði eftir því að sveitarfélögin sýndu samtakamátt sinn, enda væri ljóst að fyrirhuguð skattabreyting gæti haft mikil áhrif á minni baðlón á landsbyggðinni. Hún sagði breytinguna geta veikt ferðaþjónustu og leitt til fækkunar starfa.

Gunnar Már Gunnarsson tekur til máls og lýsir yfir ánægju sinni með að RÚV sýni þingi SSNE áhuga og mæti. Gunnar telur mikilvægt að þingið sendi skýr skilaboð.

Sindri S. Kristjánsson tekur til máls og óskar eftir skýringu á tillögunni og hverju hún bæti við tillögu stjórnar um ferðaþjónustu.

Helena Eydís tók til máls og skýrði að um væri að ræða viðbótartillögu en ekki breytingartillögu.

Knútur Emil Jónasson tekur til máls og tekur undir tillögu Norðurbings. Ljóst sé að breytingarnar muni hafa mikil áhrif á minni baðlón sem eru í uppbyggingarfasa og hættan sé að við missum dýrmæt störf.

Sigurður Þór Guðmundsson tekur til máls og bendir á að taka þurfi afstöðu til nýrrar tillögu áður en efnisleg umræða hefst.

Þingforseti bar upp afbrigði um að taka nýja tillögu fulltrúa Norðurbings um fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts á baðlón á dagskrá þingsins. Afbrigðið var samþykkt samhljóða og bættist tillagan við ályktanir þingsins sem sérstök tillaga.

Þingforseti fór yfir inngangsályktun **um uppbyggingu Norðurlands eystra**. Enginn tók til máls og var ályktunin samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir tillögu **um Akureyrarflugvöll og öryggisinnviði á Norðurlandi**. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir tillögu **um málþing um innviði og öryggismál**. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir tillögu **um orkuöryggi sem forsendu atvinnuuppbyggingar**. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir tillögu **um fjarskipti og stafræna grunninnviði** og opnaði mælendaskrá.

Sigurður Þór Guðmundsson tók til máls, vakti athygli á mikilvægi ályktunarinnar og hvatti þingfulltrúa og þingmenn til að taka málið upp.

Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir ályktun **um áframhaldandi uppbyggingu og eflingu ferðaþjónustu** og opnaði mælendaskrá.

Sindri S. Kristjánsson tók til máls og vakti athygli á því að í tillögunni væri fjallað um fyrirhugaða skattabreytingu á baðlón með yfirveguðum hætti. Hann spurði hvort sú umfjöllun væri ekki nægileg um málefnið.

Aldey Unnar Traustadóttir tók til máls og svaraði Sindra að fulltrúar Norðurbings teldu tillöguna ekki nægilega skýra, enda væri um mikið hagsmunamál að ræða fyrir smærri sveitarfélög þar sem hætta væri á uppsögnum og fækkun starfa.

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir tók til máls og lagði fram breytingartillögu við ályktunina þar sem hluti af ályktun Norðurbings yrði felld inn í tillögu stjórnar um ferðaþjónustu.

Sigurjón Þórðarson tók til máls og taldi mikilvægt að skilaboðin kæmu skýrt fram, enda væri ljóst að skattabreytingin gæti haft meiri áhrif á landsbyggðinni en á stærri og sterkari ferðamannasvæðum.

Hermann Ingi Gunnarsson tók til máls og lagði fram frávísunartillögu við breytingartillöguna, enda teldi hann um mikilvægt málefni að ræða sem ætti að fjalla um í sérstakri ályktun.

Þingforseti bar upp frávísunartillögu Hermanns Inga við breytingartillögu Jönu Salóme. Frávísunartillagan var samþykkt með einu atkvæði á móti og breytingartillagan kom því ekki til frekari afgreiðslu.

Monika Margrét Stefánsdóttir tekur til máls og tekur undir með Norðurlingi um mikilvægi tillögunnar.

Þingforseti bar ályktunina um áframhaldandi uppbyggingu og eflingu ferðaþjónustu upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir ályktun **um menntun og aðgengi að hæfni**. Enginn tók til máls og var ályktunin samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir ályktun **um sjúkrahús- og endurhæfingarþjónustu** og opnaði mælendaskrá.

Hermann Ingi Gunnarsson tók til máls og fjallaði um mikilvægi Kristness og endurhæfingarþjónustu á Norðurlandi. Hann sagði óvissu um framtíð þjónustunnar hafa víðtæk áhrif, bæði fyrir sjúklinga og heilbrigðisstofnanir á svæðinu, og hvatti sveitarfélögin til að standa saman um að tryggja áframhaldandi endurhæfingarþjónustu í landshlutanum.

Aldey Unnar Traustadóttir tók undir sjónarmið Hermanns Inga og benti á að minni sjúkrahús á landsbyggðinni tækju þegar að hluta við fráflæðisvanda stærri sjúkrahúsa. Hún lagði áherslu á að endurhæfingarúrræði nær heimabyggð skipti miklu máli fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra.

Monika Margrét Stefánsdóttir tók til máls og tók heilshugar undir framkomin sjónarmið. Hún lagði áherslu á að endurhæfingarþjónusta þyrfti að vera heildstæð, þar með talið aðstaða fyrir þá sem dvelja þurfa á staðnum meðan á endurhæfingu stendur.

Jón Björn Hákonarson tók til máls og sagði mikinn samhug ríkja um mikilvægi Kristness og endurhæfingarþjónustu á Norðurlandi. Hann benti á að þótt húsnæðið þyrfti verulegar úrbætur væri staðsetningin, umhverfið og sú starfsemi sem þar hefði byggst upp mikilvæg verðmæti sem standa þyrfti vörð um.

Sigurður Þór Jónsson tók til máls og tók undir mikilvægi Kristness. Hann vakti jafnframt athygli á því að skoða þyrfti mögulegar leiðir til að tryggja áframhaldandi starfsemi, meðal annars hvort sjálfseignarstofnun eða annað sérstakt rekstrarform gæti komið til álita.

Að umræðu lokinni bar þingforseti ályktunina upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir ályktun **um jafnvægi í staðsetningu opinberra starfa** og opnaði mælendaskrá.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir tók til máls og minnti á mikilvægi þess að fylgjast vel með þróun opinberra starfa og halda málinu á lofti gagnvart stjórnvöldum. Hún lagði áherslu á að opinber störf væru mikilvægur hluti af byggðapróun og atvinnulífi utan höfuðborgarsvæðisins.

Þingforseti bar ályktunina upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir ályktun **um farsæld barna óháð búsetu**. Enginn tók til máls og var ályktunin samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir ályktun fulltrúa Norðurlings **um fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts á baðlón**.

Tillagan var borin upp og samþykkt með einu atkvæði á móti.

Ávarp ráðherra

Hæstvirtur Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, ávarpaði þingið. Hann flutti kveðjur frá þingmönnum Norðausturkjördæmis sem ekki komust til þings og lagði áherslu á mikilvægi áframhaldandi samtals milli þingmanna, sveitarfélaga og landshlutasamtaka um hagsmuni byggða landsins.

Í ávarpinu fjallaði ráðherra meðal annars um byggðapróun, staðsetningu opinberra starfa og þörfina á að spyrna gegn sjálfvirkri samþjöppun verkefna, fjárfestinga og starfa á suðvesturhornið. Hann vísaði til nýlegrar umfjöllunar Byggðastofnunar um opinber störf og benti á að fjölgun opinberra starfa hefði verið mun hægari síðasta ár en árin á undan, en að fjölgun hefði þó orðið á landsbyggðinni, þar á meðal í Norðausturkjördæmi.

Ráðherra fjallaði jafnframt um málefni ráðuneytis síns og nefndi nýjan menningarsamning ríkisins við Akureyrarbæ sem mikilvægt skref til að styrkja menningarstarf utan höfuðborgarsvæðisins. Hann sagði ráðuneytið jafnframt hyggjast funda með grasrót, sveitarfélögum og nærsamfélögum um allt land um frekari sókn í menningarmálum.

Ráðherra lagði áherslu á mikilvægi Háskólans á Akureyri, ekki aðeins fyrir Norðurland heldur landið allt. Hann sagði sterkan háskóla utan höfuðborgarsvæðisins vera mikilvæga forsendu fyrir þekkingaruppbyggingu, nýjum störfum og aukinni byggðafestu. Í fjárlagafrumvarpi væri gert ráð fyrir auknum stuðningi við háskóla og lögð áhersla á greinar sem tengdust nýrri atvinnustefnu, meðal annars STEAM-greinar og heilbrigðisstettir.

Ráðherra fjallaði einnig um nýsköpun og mikilvægi þess að stuðningskerfi ríkisins nýtist atvinnulífi og fyrirtækjum víðar um land. Hann nefndi að unnið hefði verið að einföldun sjóðakerfis og að markmiðið væri að færa stuðningskerfið nær fólki, fyrirtækjum og samfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Þar nefndi hann sérstaklega öflugar einingar á Akureyri, Húsavík og víðar á svæðinu.

Ráðherra gerði grein fyrir að erfiðar ákvarðanir hefðu verið teknar við gerð fjárlagafrumvarps til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum, stöðva útgjaldaaukningu og styðja við lækkun vaxta og verðbólgu. Hann tók þó fram að fjárlög gætu tekið breytingum í meðförum Alþingis.

Þá fjallaði ráðherra um orkumál og sagði ríkisstjórnina leggja áherslu á að liðka fyrir og flýta uppbyggingu flutningskerfis raforku. Hann nefndi sérstaklega vinnu tengda Bakka og sagði vonir standa til að línur skýrðust með haustinu. Í atvinnustefnu stjórnvalda væri jafnframt lögð áhersla á að verðmæt störf yrðu til um allt land.

Í samgöngumálum nefndi ráðherra auknar fjárfestingar, viðhald vega og fullfjármagnaða vetrarþjónustu. Hann vísaði til þess að undirbúningsframkvæmdir við Fljótagöng hæfust í haust og að ný brú yfir Skjálfanda væri í undirbúningi.

Ráðherra fjallaði jafnframt um stofnun innviðafélags sem lykilskef til að vinna á uppsafnaðri innviðaskuld og gera kleift að ráðast í stór og nauðsynleg verkefni, svo sem Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðarganga. Hann sagði stjórnvöld telja að áhugi fjárfesta á slíkum verkefnum væri til staðar.

Að lokum vék ráðherra að heilbrigðismálum. Hann lagði áherslu á mikilvægi framkvæmda við nýja legudeild Sjúkrahússins á Akureyri og sagði jákvæð merki sjást í mönnun heilbrigðisstofnana utan höfuðborgarsvæðisins. Hann nefndi einnig mikilvægi fyrirhugaðs hermiseturs við Háskólann á Akureyri fyrir menntun heilbrigðisstarfsfólks og frekari uppbyggingu heilbrigðisgreina á Norðurlandi.

Þingforseti þakkaði ráðherra fyrir ávarpið og opnaði mælendaskrá fyrir spurningar og umræður.

Hermann Ingi Gunnarsson tók til máls og spurði ráðherra hvort hann hefði heyrt umræðu þingsins um Kristnes og hvort hann væri tilbúinn að styðja við áframhaldandi endurhæfingarpjónustu þar.

Gunnar Már Gunnarsson tók til máls og vakti athygli á verkefninu um Jónasarsetur að Hrauni í Öxnadal. Hann sagði verkefnið mikilvægt fyrir íslenska tungu, náttúrulæsi og ferðapjónustu og hvatti ráðherra til að styðja áfram við framgang þess.

Heimir Örn Árnason tók til máls og vakti athygli á að í fjárlagafrumvarpi væri gert ráð fyrir lækkun framlags til ferðasjóðs ÍSÍ samhliða hækkun kílómetragjalds. Hann sagði að slíkt hefði í för með sér tvöfalda hækkun fyrir íþróttastarf barna á landsbyggðinni og óskaði eftir því að ráðherra beitti sér fyrir endurskoðun málsins.

Ráðherra svaraði framkomnum spurningum. Varðandi Kristnes þó tók hann undir mikilvægi staðarins og þjónustunnar en sagði jafnframt ljóst að húsnæðið kallaði á verulegar úrbætur og að meta þyrfti framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar í heild, rekstrarlegar forsendur og hvaða lausn væri skynsamlegust til framtíðar. Varðandi Jónasarsetur sagði hann verkefnið mikilvægt og vel unnið, en gat ekki lofað fjármagni til næstu skrefa á þeim tímapunkti. Um ferðasjóð ÍSÍ sagði ráðherra að málið væri sláandi og að skerðing á stuðningi við ferðakostnað barna á landsbyggðinni gæti unnið gegn jafnræði barna óháð búsetu. Hann sagðist ætla að koma því á framfæri innan ríkisstjórnarinnar.

Þingforseti þakkaði ráðherra fyrir komuna, ávarpið og svör við spurningum þingfulltrúa.

Breytingar á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga

Þingforseti gaf Stellu Hrönn Jóhannsdóttur, sérfræðingi hjá Umhverfis- og orkustofnun, orðið. Stella Hrönn flutti kveðju frá Gestí Péturssyni, forstjóra stofnunarinnar, sem komst ekki til þings vegna óviðráðanlegra orsaka.

Stella Hrönn fór yfir fyrirhugaða yfirfærslu verkefna frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til ríkisins frá og með 1. janúar 2027. Hún skýrði að verkefni flytjist annars vegar til Umhverfis- og orkustofnunar og hins vegar til nýrrar Stofnunar atvinnuveganna.

Hún rakti að breytingarnar byggðu á lögum um einföldun regluverks og að Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefði unnið að uppfærslu reglugerða í kjölfarið. Alls hefðu 57 reglugerðir verið sendar í samráðsgátt og væru þær nú til yfirlestrar. Margar ábendingar hefðu borist um skort á skýrleika og væri unnið að því að gera reglugerðirnar markvissari og draga úr óvissu. Breytingarnar væru unnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem gegndi leiðbeinandi hlutverki gagnvart sveitarfélögunum.

Stefnt er að því að reglugerðirnar verði gefnar út um mánaðamót október og nóvember og taki gildi samhliða lagabreytingunum um áramótin.

Stella Hrönn skýrði að eftirlit með mengunarvörnum og hollustuháttum færist almennt til Umhverfis- og orkustofnunar, en matvælaeftirlit til Stofnunar atvinnuveganna. Jafnframt væri gert ráð fyrir samvinnu milli stofnana til að koma í veg fyrir skörun og tvíverknað og að sveitarfélög hefðu aðgang að sérfræðipækkingu og ráðgjöf vegna þeirra verkefna sem áfram yrðu á þeirra ábyrgð.

Meðal verkefna sem áfram verða hjá sveitarfélögum nefndi hún verkefni tengd loftgæðum, hávaða, vatnamálum, úrgangi og menguðum jarðvegi. Sveitarfélögum verði meðal annars falið að meta loftgæði, sinna upplýsingagjöf þegar við á, taka þátt í samráði um vatnamál og fylgja eftir staðbundnum verkefnum sem varða nærumhverfi og samþykktir sveitarfélaga.

Hún fór sérstaklega yfir verkefni tengd úrgangi og menguðum jarðvegi. Samkvæmt fyrirliggjandi breytingartillögum verði sveitarfélögum falið eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og veitt heimild til að láta fjarlægja lausamuni. Stella Hrönn tók fram að margar umsagnir hefðu borist um þetta atriði og að lögð væri sérstök áhersla á að skýra heimildir og eyða óvissu.

Stella Hrönn fór yfir stöðu innleiðingarferlisins. Markmið stofnunarinnar væri að leysa úr sem flestum málum er varða starfsfólk heilbrigðiseftirlita fyrir lok september. Sérstaklega hefði verið horft til dreifingar starfa um landið og þess að starfsstöðvar yrðu mannaðar á landsbyggðinni. Hún tók fram að störf yrðu auglýst á tilteknum starfsstöðvum en ekki óháð staðsetningu.

Framundan væri kynning á störfum fyrir starfsfólk heilbrigðiseftirlita, undirbúningur ráðningarbrefa og móttöku starfsfólks, undirbúningur starfsstöðva, áhættumat, eftirlitsáætlanir og endurskoðun gjaldskrár. Markmiðið væri að allir þræðir næðu saman fyrir áramót og að yfirfærslan yrði eins farsæl og kostur væri.

Þingforseti opnar fyrir spurningar til Stellu.

Sigurjón Þórðarson tók til máls og lýsti efasemdum um útfærslu breytinganna. Hann sagði hættu á að staðbundin þekking glataðist og að ákvarðanir færdust fjær sveitarfélögunum, meðal annars í málum sem krefðust þekkingar á aðstæðum á hverjum stað.

Stella Hrönn svaraði því til að markmiðið væri ekki að draga úr þjónustu heldur tryggja hana um land allt. Hún sagði gert ráð fyrir virku neti starfsstöðva og að starfsemin byggðist á teymisvinnu og starfsfólki á staðnum. Hún tók undir að áhyggjurnar væru skiljanlegar og sagði stofnunina taka slíkar ábendingar til sín.

Þingforseti þakkaði Stellu Hrönn fyrir yfirferðina og gaf Þórhalli Harðarsyni, formanni Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, orðið.

Þórhallur fór yfir stöðu mála frá sjónarhóli sveitarfélaganna og heilbrigðisnefndarinnar. Hann sagði enn óljóst að fullu hvaða verkefni yrðu áfram á ábyrgð sveitarfélaga eftir 1. janúar 2027, en ljóst væri að sveitarfélögin þyrftu áfram að tryggja aðgang að sérfræðipækkingu á sviði umhverfis- og heilbrigðismála.

Hann rakti mögulegar leiðir sveitarfélaganna til framtíðar, meðal annars að hvert sveitarfélag sinnti verkefnunum sjálf, að eitt sveitarfélag veitti öðrum þjónustu, að verkefni yrðu vistuð innan SSNE, að stofnuð yrði sérstök sameiginleg eining eða að sveitarfélög keyptu sérfræðiþjónustu af ríkisstofnunum. Þórhallur lagði áherslu á að meta þyrfti umfang verkefna, mannaflapörf, kostnað, lagalegar forsendur og áhrif á þjónustu áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.

Þórhallur kynnti tillögu þess efnis að skipaður yrði starfshópur sveitarfélaga á Norðurlandi eystra til að greina umfang þeirra verkefna sem áfram verða á ábyrgð sveitarfélaganna eftir breytingarnar. Tillagan gerði jafnframt ráð fyrir að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra starfaði áfram í lágmarksmynd þar til niðurstaða starfshópsins lægi fyrir, með einu stöðugildi og á grundvelli núverandi skiptingar framlaga sveitarfélaganna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

Þingforseti bar fyrst upp hvort þingið samþykkti að taka tillöguna á dagskrá til umræðu og afgreiðslu. Samþykki til þess þurfti aukinn meirihluta samkvæmt samþykktum SSNE. Enginn greiddi atkvæði á móti og var tillagan tekin á dagskrá.

Þingforseti opnaði mælendaskrá um erindi Þórhalls og tillöguna.

Sigurður Þór Guðmundsson spurði um stöðu starfsfólks Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Leifur Þorkelsson, framkvæmdastjóri HNE, svaraði því til að staða starfsfólks væri enn óljós. Enn hefði ekki verið gengið frá ráðningarbréfum hjá þeim stofnunum sem taka ættu við verkefnum og ýmis atriði, svo sem starfsstöðvar, launakjör og réttindamál, væru ófrágengin. Hann tók fram að HNE hefði áður haft sex stöðugildi en að fjögur væru nú starfandi.

Sindri S. Kristjánsson spurði um tímaramma tillögunnar og hvað þingið væri í raun að ákveða með áframhaldandi lágmarksrekstri heilbrigðiseftirlitsins. Þórhallur svaraði því til að líklega væri miðað við eitt starfsár, en að starfshópurinn þyrfti að skila tillögu tímanlega áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Hann benti jafnframt á að mörg atriði væru enn óleyst, meðal annars skuldbindingar, skjalamál, samningar, eignir og mögulegur kostnaður við frágang.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir tók til máls og lýsti áhyggjum af stuttum undirbúningstíma, óvissu og fjölda lausra enda í málinu. Hún sagði mikilvægt að fara varlega, taka ekki afdrifaríkar ákvarðanir of snemma og tryggja að verkefni flyttust með sómasamlegum hætti inn í nýtt fyrirkomulag.

Sigurður Þór Guðmundsson tók til máls og lagði til að í erindisbréfi starfshópsins yrði skýrt að hópurinn hefði heimild til að undirbúa eða hefja nauðsynlegan frágang ef niðurstaðan yrði sú að starfsemin yrði lögð niður. Þannig þyrfti ekki að bíða með praktísk atriði, svo sem frágang eigna, samninga og skuldbindinga, ef niðurstaðan lægi fyrir.

Sunna Hlín Jóhannesdóttir tók til máls og hrósaði þeim sem unnið hefðu að málinu við erfiðar aðstæður. Hún taldi tillöguna skynsamlega og nefndi að æskilegt væri að Þórhallur sæti í starfshópnum, enda hefði hann farið djúpt í málið og byggi yfir mikilvægri þekkingu. Þá spurði hún um verkefni sem tengdust lausamunum og bílhræjum og hvort þau ættu áfram að vera á ábyrgð sveitarfélaga eða ríkis.

Leifur Þorkelsson svaraði að veruleg óvissa væri um framkvæmd þessara verkefna og að mikilvægt væri að skýra betur heimildir sveitarfélaga, meðal annars varðandi meðhöndlun lausamuna og bílhræja. Hann benti á að breytingarnar hefðu verið unnar á mjög skömmum tíma og að ráðuneytið hefði enn verið að kortleggja verkefnin eftir að ákvörðun um breytingar lá fyrir.

Að umræðu lokinni bar þingforseti tillöguna upp til atkvæða. Enginn greiddi atkvæði á móti og var tillagan samþykkt samhljóða.

Almenn kynning á starfsemi SSNE

Að lokinni afgreiðslu tillögunnar um breytingar á heilbrigðiseftirliti var gert stutt kaffihlé. Að hléi loknu tók Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE, til máls og fór yfir almenna kynningu á starfsemi samtakanna.

Framkvæmdastjóri rakti að SSNE væri samstarfsvettvangur tíu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og að á starfssvæði samtakanna byggju rúmlega 32.000 íbúar. Hún minnti á að landshlutasamtök starfi um allt land og að hlutverk SSNE væri meðal annars að sinna hagsmunagæslu, ráðgjöf til frumkvöðla, fyrirtækja og sveitarfélaga, sóknaráætlun landshlutans, áhersluverkefnum, uppbyggingarsjóði, innviða- og fjárfestingarmálum, tengslamyndun og sameiginlegri stefnumótun.

Hún kynnti jafnframt starfsfólk SSNE og helstu verkefnasvið innan samtakanna, þar á meðal atvinnu- og nýsköpunarráðgjöf, fjárfestingar- og Evrópuverkefni, gagnagreiningu, uppbyggingarsjóð, menningarverkefni, umhverfismál, loftslagsstefnu, farsæld barna og miðlun. Hún lagði áherslu á að starfsfólk SSNE vinni þvert á sveitarfélög og verkefni með það að markmiði að styðja við uppbyggingu landshlutans alls.

Framkvæmdastjóri hvatti þingfulltrúa til að kynna sér Sóknaráætlun Norðurlands eystra, enda væri hún sameiginleg stefnumótun íbúa og sveitarfélaga og grunnur að stórum hluta starfs SSNE. Hún upplýsti að endurskoðun sóknaráætlunar færi væntanlega fram á næsta ári og að þar skapaðist mikilvægt tækifæri fyrir sveitarfélög og íbúa til að koma að mótun framtíðarstefnu landshlutans.

Þá vakti hún sérstaka athygli á uppbyggingarsjóði SSNE og því að umsóknarfrestur í sjóðinn opnaði 16. september. Hún óskaði eftir liðsinni sveitarfélaganna við að koma upplýsingum um sjóðinn sem víðast á framfæri, svo umsóknir bærust úr sem flestum sveitarfélögum landshlutans.

Í kynningunni kom einnig fram að SSNE hefði á undanförunum árum stutt við sameiginlega stefnumótun á ýmsum sviðum, meðal annars loftslagsstefnu landshlutans og ungmennabíng. Framkvæmdastjóri sagði skýr skilaboð hafa komið frá ungmennum um að þau vildu taka meiri þátt í starfi sveitarfélaganna og hafa virkari aðkomu að ákvörðunum sem varða þeirra hagsmuni.

Framkvæmdastjóri lagði að lokum áherslu á að þingfulltrúar og sveitarstjórnir hefðu fjölmargar leiðir til að hafa áhrif á starf SSNE, bæði í gegnum þing, stjórnarfólk, stefnumótunarvinnu og beint samtal við starfsfólk samtakanna. Hún nefndi að á næstunni yrðu unnin drög að starfsáætlun, þróunaráætlun fyrir borgarsvæði Akureyrar og Reykjavíkur, endurskoðun samgöngu- og innviðastefnu og síðar endurskoðun sóknaráætlunar. Hún kvaðst jafnframt myndu óska eftir fundum með sveitarstjórnnum til að kynna starf SSNE betur og eiga frekara samtal um hlutverk samtakanna og verkefni fram undan.

Málstofa um stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Þingforseti gaf Jóni Birni Hákonarsyni, formanni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar, orðið. Jón Björn fór yfir mikilvægi stefnumótunarvinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í aðdraganda landsþings Sambandsins sem haldið verður á Akureyri 23.-25. september 2026.

Í máli Jóns Björns kom fram að stefnumótunarvinna Sambandsins fari fram á fjögurra ára fresti eftir sveitarstjórnarkosningar og móti áherslur þeirrar stjórnar sem kjörin verður á landsþinginu. Hann lagði áherslu á að mikil endurnýjun hefði orðið í sveitarstjórnnum víða um land og að því væri sérstaklega mikilvægt að nýir og reyndir sveitarstjórnarfulltrúar tækju virkan þátt í umræðu um framtíðaráherslur Sambandsins.

Jón Björn sagði drög að stefnumótun Sambandsins byggja meðal annars á heimsóknum og samtali við sveitarfélög um allt land. Hann hvatti þingfulltrúa til að rýna drögin vel, koma sjónarmiðum síns sveitarfélags á framfæri og tryggja að áherslur Norðurlands eystra kæmu skýrt fram inn í landsþing Sambandsins.

Hann fjallaði einnig um hlutverk Sambandsins sem þjónustu- og ráðgjafarvettvangs sveitarfélaga og nefndi sérstaklega stafræn mál. Fram kom að sveitarfélög og ríki verja verulegum fjármunum til stafrænna verkefna og að tækifæri fælust í aukinni samvinnu, samræmingu og mögulegri hagræðingu á því sviði, meðal annars með þróun stafrænnar stofu fyrir sveitarfélög.

Að erindi Jóns Björns loknu tóku Elva Gunnlaugsdóttir og Díana Jóhannsdóttir, verkefnastjórar SSNE, við stjórn málstofunnar. Þingfulltrúum var skipt í umræðuhópa eftir málefnasviðum og unnið með drög að stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hóparnir fjölluðu meðal annars um loftslagsmál, byggðamál, samgöngur og skipulag, menntun, velferð og vinnumarkað, auk fjármála sveitarfélaga.

Markmið vinnunnar var að safna sjónarmiðum þingfulltrúa og draga fram áherslur sveitarfélaga á Norðurlandi eystra fyrir landsþing Sambandsins. Niðurstöður hópavinnu verða nýttar í áframhaldandi vinnu SSNE og í samtali við Samband íslenskra sveitarfélaga um stefnumótun næstu ára.

Þingslit

Að málstofu lokinni tók þingforseti aftur við stjórn þingsins. Hún þakkaði þingfulltrúum, gestum, framsögumönnum og starfsfólki SSNE fyrir góða þátttöku, gagnlegar umræður og virka aðkomu að dagskrá dagsins. Þingforseti tók einnig fram sérstakar þakkir til starfsfólks SSNE og þeirra framlags til starfseminnar á liðnum árum.

Jafnframt var vakin athygli á að í framhaldi þings yrði farið í heimsókn til Sæplasts á Dalvík, þar sem þinggestum gæfist kostur á að kynna sér starfsemi fyrirtækisins. Þá var minnt á að heimsókn lokinni yrði boðið upp á móttöku og léttan kvöldverð í Menningarhúsinu Bergi.

Að því loknu gaf þingforseti Heimi Erni Árnasyni, formanni stjórnar SSNE, orðið. Formaður þakkaði þingforseta, þingriturum, starfsfólki SSNE, Dalvíkurbyggð, framsögumönnum og öllum þingfulltrúum fyrir vel heppnað þing. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess samtals sem fram hefði farið á þinginu og að niðurstöður dagsins yrðu nýttar í áframhaldandi vinnu stjórnar og starfsfólks SSNE með sveitarfélögum landshlutans. Að lokum sleit formaður haustþingi SSNE 2026.